

Skýrsla vallarstjóra

Sumarið 2020 var einstakt golfsumar og en einnig viðburðarríkt, völlurinn opnaði inn á sumarflatir heldur seint þann 17 maí og lokaði völlurinn þann 18 október.

Á vellinum í sumar störfuðu auk mín Friðrik Guðmundsson, Hrannar Harðarson og Sindri Rúnarsson við almenna umhirðu á vellinum. Allir höfðu þeir starfað hjá okkur sumarið áður og var það dýrmett að hafa reynda menn og voru nær engir hnökrar á rútínu verkunum okkar og leystu þeir störfin með mesta sóma og snyrtimennskan til fyrirmyndar hjá þeim. Sú breyting varð á mínu starfi að ég tók við sem vallarstjóri og þakka vel fyrir

Ástand vallar

Mikið frost í jörðu var í vetur og var frostlyfting með því mesta sem hefur sést, en kalskemmdir voru alveg í lágmarki miðað við harðindi vetursins. Unnið var að því að brjóta klaka nokkrum sinnum í vetur fyrir miklar hlákur til að fyrirbyggja enn meiri klakamyndun, einnig voru flatirnar sandaðar í vetur þegar stefndi í viðkvæmar aðstæður, t.d mikið rok og mikið frost þegar snóþekja var engin. Þessar aðgerðir virtust hafa hjálpað mikið til, einnig voru rásar grafnir fyrir framan nokkrar flatir, sem var lokað um vorið, til að vatnið sem safnaðist á yfirborðinu hafði greiða leið af flötunum.

Vorið sjálf var fínt en djúpt frost gerði erfitt fyrir og hægði mikið á og allt frost var ekki farið úr jörðu fyrr en langt inn í maí mánuð. Úrkoma sumarsins var nokkuð mikil, sérstaklega miðað við sumarið á undan, en samt sem áður kom vökvunarkerfið okkar sér sérstaklega vel og sást vel í vor að þær flatir sem voru með vökvun voru miklu fyrri til að verða leikhæfar.

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst
2018	180 mm	121,2 mm	72,6 mm	77,2 mm
2019	47,2 mm	17,8 mm	74,2 mm	51,5 mm
2020	72,9 mm	110,7 mm	49,5 mm	125,2 mm

Ástand vallarins í sumar heilt yfir var mjög gott, bæði flatir og teigar voru mjög gróin í vor og bar völlurinn alla umferðina í sumar mjög vel, verulega sá samt á þar 3 teigunum á helstu álagstímum. Einnig er mér skylt að minnst á þann ótrúlega fjölda boltafara á flötum í allt sumar og sérstaklega var það sýnilegt seinni hluta tímabilsins og á nýju fjórðu flötinni þann stutta tíma sem leikið var inn á hana.

Vinnudagur

Vinnudagurinn var haldinn þann 16 maí og var mæting vonum framar enda voru verkefnin nóg eins og er vant. Helstu verkefnin voru tyrfing á ýmsum svæðum við fjórðu braut og einnig þrettánda braut, þar var einnig mikil stígavinna helst við nýja stíginn við 13 flöt, grjóthreinsun á brautum um allan völl þar sem grót voru að skríða upp á yfirborðið. Einnig var mikill trjágróður snyrtur um allan völl, nýja salernið við 16 teig var standsett og málað sem þykir hafa heppnast mjög vel og líka var unnið að því að undirbúa fyrir því að steypa sandskiljur niður í gryfju. Svo má ekki gleyma öllum húsgögnum vallarins sem var keyrt út á vinnudeginum, öllum hælum, skiltum, merkjum og ruslatunnum.

Framkvæmdir

Fjórða flöt

Helstu framkvæmdavinna okkar síðasta vetur og nú í sumar sneri að nýju fjórðu flötinni okkar, nær öll jarðvinna var kláruð fyrir frost í fyrra en allur fín frágangur fór fram nú í vor. Þar ber helst að nefna að við framlengdum vökunarkerfinu niður að því og vorum búnir að tengja allt þar fyrir vinnudag, sex úðahausar eru við grínið sem ná að vökva alla flötina ásamt forflötinni.

Sáð var í flötina þann 25 maí og var dúkur lagður yfir til að hjálpa við spírun, fyrstu ummerki spírunnar voru sýnileg strax viku síðar og fyrsti sláttur var tveim vikum eftir sáningu. Spírun var heilt yfir mjög góð en þó voru nokkrir berir blettir þá sérstaklega í forflöt, og einnig lentum við í nokkuð mikilli sveppasýkingu undir dúknum sem við blessunarlega sáum um leið og við tókum dúkinn af og vorum við fljótir að úða varnarlyfi til að stoppa sýkinguna sem heppnaðist mjög vel.



Grasfræin sem voru sáð voru *Mynd 1- Dúkurinn kominn á flötina og búið að tyrfa umhverfið*

valin eftir vel íhuguð mál, helsta atriðið sem við hugsuðum að snerust að hversu vel þau gætu lifað af harða vetur ásamt því hversu fljótt það gæti komið sér vel fyrir og lokað öllum sárum. Það hefur það sýnt sig bæði hér í tilraunaverkefnum okkar ásamt niðurstöðum tilraunareitsins á Korpúlfsstöðum að í þeim málum stendur língresi ofarlega, þá sérstaklega skríðandi língresi (creeping bent) og völdum við tvö ákveðin yrki sem voru fánleg, Riptide og CY2 yrkin urðu fyrir valinu og var því blandað með hefbundnum túnvingul.

Fyrsti sláttur var eins og fyrr kom fram tveim vikum eftir sáningu og var vélin stillt í 14 mm þá, sláttur eftir það var ekki sjaldnar en 1-2x í viku og fór ört fjölgandi eftir því sem slátturhæðin var lækkuð og u.þ.b 2 mánuðum eftir sáningu var slátturhæðin komin í það væri hægt að kalla grínhæð. Þessi markvissi sláttur ásamt nær vikulegri og markvissri áburðargjöf, bæði í fljótandi og kornaformi, reglulegri söndun



Mynd 2 - Raka og hitamælingar á 4 flöt

og burstun skilaði sér í frábæru grasyfirborði í sumarlok og telst þetta nokkuð afrek að ná að rækta þetta yfirborð á svona stuttum tíma á 64 breiddargráðu.

Að lokum var forflötin á flötinni tyrfd eftir að sáningin kom ekki nógu vel upp þar, tyrft var um miðjan júní og fengum við frábært torf frá Grasavinafélaginu Gunnarshólma í verkefnið. Tyrfingin tókst mjög vel og var torfið fljótt að koma sér vel fyrir og lítur mjög vel út í dag.

Fimmti teigur

Nýr fimmti rauði teigur var byggður bæði til þess að rétta aðkomuna að flötinni og til að auka nýtanlegt pláss á teignum sjálfum. Í vor misstum við af þeim tímaglugga til að vinna við efnisflutninga í hann og neyddumst við til að geyma þau verkefni þar til lengra var liðið á sumarið. Í september kláruðum við að keyra sandi í teiginn og lögðum vökvunarhausa í teiginn og var tyrfingu við teiginn lokið um miðjan september. Torfið var eins og fyrr fljótt að róta sig og var þessi teigur sleginn þrisvar sinnum áður en tímabilinu lauk og var vöxturinn mikill langt fram á haust.



Mynd 3- Nýr fimmti teigur.

Skurður á 13 braut

Ákveðið var síðasta haust að við myndum fylla í skurðinn sem þveraði 13 braut fyrir framan flötina ásamt því að móta nýjan stíg fyrir golfbíla í kringum flötina og einnig stígbút við teiginn. Í botn skurðarins var lagt stórt ræsi til að hindra ekki vatnsflæðið í skurðinum og var drenið úr brautinni að ofan beintengt ofan í ræsið sem tryggir gott flæði úr drenlögnum beint ofan í ræsið.

Teljum við að þessi framkvæmd fyrirbyggji að góðum höggum sé ósanngjarnlega refsað, ef kylfingar hafi ekki þá lofthæð í teighöggum til að fljúga yfir gamla skurðinn.

18 forflöt og vökvunarkerfi

Nú í haust héldum við áfram að bæta vökvunarkerfi vallarins með því að leggja vökvun í kring um 9 flöt og 18 flöt. Stutt var að sækja í vatnið því við vorum búnir að framlengja stofnlögninni alveg upp að 18 flöt, og er nú búið að leggja vökvun í þessar flatir.



Mynd 4 - Efni keyrt í forflöt á 18.

Samhliða þessu fórum við í að endurbyggja forflötina á 18 braut, líkt og við gerðum á 14 braut. Gamla forflötin var óslétt og hindraði hún flæði vatns frá flötinni, í frosti sérstaklega sem skapaði alltaf mikla hættu á kalskemmdum. Allt svæðið frá fyrir framan glompu og alveg að flötinni var mokuð upp og verður endurmótað með sandi, glompan sjálf verður einnig endurbyggð og mótuð upp á nýtt með því sjónarmiði að breyta ekki teighögginu mikið, glompu höggið sjálft breytist talsvert en nýja glompan mun halla meira frá flötinni. Teljum við þessa aðgerð verða til mikilla bóta og hlökkum mikið til að leika á nýja svæðið.

Vélamál

Vélakostur klúbbsins er eins og fyrr til fyrirmyndar og voru allar vélar vel nýttar í sumar. Ekki var mikið um bilanir í vélum að undanskilinni röffvélinni, en hún er líka lang mest notaða vélin okkar og gengur nær alla daga.

Handslátturvélin sem var keypt í fyrra sannaði gildi sitt í sumar en sá hún um sláttinn á nýju fjórðu flötinni í allt sumar. Hún markar ekki eins mikið eftir sig og er léttari á grassvörðinn og er frábær í viðkvæm svæði og fyrsta sláttinn á vorin.

Á haustmánuðum var ákveðið að fjárfesta í svokallaðari bunkerröku, við höfum fengið slíkar vélar lánaðar fyrr og var árangurinn af slíkri vél bersýnilegur. Bæði spara þær mikinn tíma, mikla orku starfsmanna við handrakstur, gæði rakstursins er mun betri en handrakstur og gerir hún okkur kleyft að raka glompurnar oft og einnig nýtist hún í að undirbúa svæði undir tyrfingu og sáningar. Okkur hlakkar mikið til að taka hana í notkun á næsta tímabili.

Ólafur Dór Steindórsson, vallarstjóri.